

Umsögn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga vegna tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Drekasvæði.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga lýsir ánægju með umrædda þingsályktunartillögu. Iðnaðarráðuneytið hefur þegar hafið vinnu við úttekt á atriðum sem varða mikilvægar forsendur fyrir slíkri þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Drekasvæði.

Sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppi hafa stofnað fyrirtækið Drekasvæðið ehf og ráðið verkefnastjóra sem sinnir þessu verkefni sérstaklega af hálfu sveitarfélaganna samkvæmt sérstökum samningi sem sveitarfélögin (Drekasvæðið ehf) hafa gert við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga Húsavík og Þróunarstofu Austurlands um þetta verkefni. Aðsetur verkefnisstjóra "Drekaverkefni" er á skrifstofu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga Húsavík.

Bent er hér á mikilvæg atriði úr skýrslu Iðnaðarráðuneytis um olíuleit á Drekasvæði (mars 2007) sem varða þjónustuhöfn fyrir olíuleit og olíuvinnslu:

2.4.1. *"Við boranir er þörf á ýmsum rekstrarvörum svo sem borstöngum, fódurrörum, sementi, íblöndunarefnum fyrir bortrefju, eldsneyti, vistum, og varahlutum, og síðast en ekki síst vinnuafli. Gera má ráð fyrir 60-80 starfsmönnum við hvert borskip – eða borpall sem vinna á vöktum og fara í lengri eða skemmri frí í landi. Hæfilegar birgðir af rekstrarvörum þurfa að vera fyrir hendi í þjónustumiðstöð sem staðsett er í nánd við hæfilega stóra eða örugga höfn. Þar yrði sömuleiðis geymdur hluti mengunarvarnabúnaðar vegna oliuslysa....."*

2.4.2. *"Birgðaskip sem siglir frá þjónustumiðstöð kemur að borskipi eða borpalli að jafnaði annan hvern dag"....!..... ---- "Á stigi rannsóknarborana bætist við rekstur þjónustumiðstöðvar í landi, siglingar og þyrluflug með birgðir og mannskap og borun frá skipi eða palli sem marar að stórum hluta í kaf. Af þessu leiðir að breytingar verða á efnahagslífi og byggðapróun og gera þarf viðeigandi varúðarráðstafanir vegna frárennslis af ýmsu tagi frá starfseminni (borvökvi/trefja hibýli, kælivatn véla, vatn úr borholu, eða vegna röskunar á botni. Jafnframt þarf að meta og minnka slyshættu en einnig að mæta henni ef svo ólíklega vildi til aðborhola yrði stjórnlaus, eða hráolía og/eða brennsluolía rynni frá 'skipi eða borpalli'".*

Sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir er þýðingamikið innlegg í þetta mál. Lögð er áhersla á að stjórnvöld geri ávallt kröfur um að fyllsta öryggis verði gætt við fyrirhugaðar olíuleit. Í því sambandi er mikilvægt að velja stysta leið í land að þjónustumiðstöð frá fyrirhuguðu leitarsvæði – sem aftur skapar ávallt stysta mögulega viðbragðstíma í hugsanlegum neyðartilfellum varðandi mengunarhættu og hámarkar öryggi stafsmanna ef það kynni að skapast hættuástand við áformaða olíuleit á Drekasvæði.

Þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Drekasvæði getur skapað ný atvinnutækifæri haft þannig jákvæð áhrif á byggðapróun. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga leggur áherslu á að stjórnvöld styðji þau sveitarfélög sem hér um ræðir fjárhagslega þannig að þau hafi bolmagn til að sinna ýmsum frekari undirbúningi og nánara skipulagi að mótun þessa mikilvæga verkefnis í góðu samræmi og við stefnu stjórnvalda. Mikilvægt er að þjónustuhöfn fyrir olíuleit standist allar strangar öryggiskröfur svo unnt sé að lágmarka líkur á slysum eða mengunaráhöppum.

